

Mál nr. 83/2013**M****og****Vátryggingafélag v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu og skýringu skilmála á undanskilinni áhættu.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags 11.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að um undanskilda áhættu sé að ræða. M hafi verið aðili að dómsmáli þar sem ágreiningur var um hver væri eigandi fasteignar. M geri kröfu í málskostnaðartryggingu vegna málsins. M telji að um viðurkenningarkröfu um eignarétt sé að ræða en ekki um kröfu varðandi fasteignina sem slíka. Félagið telur að sá ágreiningur sem M stóð í hafi verið vegna hinnar tilteknu fasteignar og hann falli því utan bótaskviðs vátryggingarinnar. Í skilmálum komi fram að vátryggingin bætir ekki málskostnað “sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar”.

Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fram kemur í málskotinu. M er ósammála afstöðu félagsins. Hann hafi ekki verið eigandi umræddrar fasteignar og því eigi ákvæði skilmála um undanskilda áhættu ekki við sbr. nánar umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ágreiningur sá sem M hefur átt í varðar tiltekna fasteign. Ágreiningurinn um hver sé eigandi hennar helst í hendur við ákvæði skilmála sem getið hefur verið þ.e. þar sem undanskilin er ábyrgð sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þ. Jónsson hdl.